

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Stykkishólms.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

2. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er kr. 94,21 fyrir hvern rúmmetra vatns.

3. gr.

Greiða skal mánaðarlegt fastagjald:

- a) Af íbúðarhúsnæði kr. 423
- b) Af öðru húsnæði kr. 2.115

4. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Hitaveitu Stykkishólms, skal greiða gjald 4.000 kr. Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 1.300 kr.

5. gr.

Af íbúðarhúsnæði skal greiða stofngjöld af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Tengigrind er innifalin í stofngjaldi íbúðarhúsnæðis.

Stofngjald fyrir íbúðarhúsnæði skal vera:

<i>Stærð húss:</i>	<i>Stofngjald + tengigjald:</i>
Allt að 450 m ³	150.000 + 140 kr./m ³
451 – 1.000 m ³	150.000 + 63.000 + 80 kr./m ³
Yfir 1.000 m ³	150.000 + 107.000

Fyrir fleiri tengigrindur en eina skal greiða sérstakt tengigrindargjald. Tengigrindargjald er kr. 130.000 á grind.

6. gr.

Fyrir annað húsnæði en flokkast undir 5. gr. skal greiða:

<i>Stærð húss:</i>	<i>Stofngjald + tengigjald:</i>
Allt að 1.000 m ³	200.000 + 140 kr./m ³
1.001 – 2.000 m ³	200.000 + 140.000 + 80 kr./m ³ yfir 1.000 m ³
Yfir 2.000 m ³	200.000 + 220.000

Húseigendur skulu sjálfir kosta tengigrindur sínar samkvæmt þessari grein, að undanskildum magnmæli sem hitaveitan leggur til.

7. gr.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma. Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og reglugerð nr. 869/1999 til að öðlast gildi þann 1. apríl 2001 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 154, 19. febrúar 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. mars 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.